





Bentil Vallien, Svíþjóð: Drumaferð, 50x188x33 sm. Gler-járn. Ljós.: Qvarnström/Carlén.



Leifur Breiðfjörð: Cyclops I, 150x150 sm. Mynd af verkinu var notað á veggspjald sýningarinnar. Ljós.: G.I.

Norrænn listiðnaður:

SÝNING Í NEW YORK

**eftir Stefán
Snæbjörnsson**

Í dag, miðvikudag 27. janúar, mun forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, opna Norræna listiðnaðarsýningu í American Craft Museum í New York. Sýningin stendur til 17. apríl. Sýning þessi er haldin á vegum Norrænu Menningarmálaskrifstofunnar, en menntamálaráðuneytið og utanríkisráðuneytið hafa annast milligöngu fyrir Íslands hönd. Sýningin sem gengur undir nafninu Scandinavia Craft Today var hluti af menningarkynningu Norðurlandanna í Japan og var hún sýnd í Yurakucha Art Forum í Tokyo og The National Museum of Modern Art, í hinni gömlu höfuðborg Japans Kyoto. American Craft Museum og sérstaklega forstjóri þess hr. Paul Schmith, sýndu mikinn áhuga á að fá þessa sýningu til New York, að loknum sýningum í Japan og nú mun sýningin verða sett upp á tveimur öðrum stöðum í Bandaríkjunum. Í listastofnuninni í Cleveland, Ohio 1 - 29. júlí 1988 og The Fine Art Museum of the

South, Mobile, Alabama - 18. september - 30. október.

Á sýningu þessari eru kynntir 35 norrænir listamenn, fimm frá hverju landi, en sýningin telur 177 atriði. Frá Íslandi eru kynnt verk eftir Ásgerði Búadóttur, Guðnýju Magnúsdóttur, Jónínu Guðnadóttur, Rögnu Róbertsdóttur, Steinunni Þórarinsdóttur, Jens Guðjónsson og Leif Breiðfjörð.


Vönduð sýningarskrá hefur verið gefin út í sambandi við sýningu þessa. Hún var unnin í Japan að öðru leiti en því að allar ljósmyndir voru teknar í viðkomandi löndum. Allar ljósmyndir af íslensku sýningarmunum tók Guðmundur Ingólfsson. Þá er allur texti í skránni prentaður á japönsku og ensku.

Það er íslensku sýnendunum og öðrum sem tengjast þessu verkefni mikið ánægjuefni að forseti Íslands skuli nú opna þessa sýningu í New York. Með þeim hætti er þýðing Íslands í norrænu menningarsamstarfi enn einu sinni undirstrikað með þeim hætti sem engum má dyljast.

Höfundur er innanhússarkitekt.



Guðný Magnúsdóttir: Í minningu konu og manns, 70x42x30 - 80x32x32 sm. Ljósmynd: G.I.



Olli Tamminen, Finnland: Hálsmen VI, 12,4x3 sm.

Þúsundir brögðuðu á bollu Áfengisvarnaráðs

UM TVÖ þúsund manns lögðu leið sína í bás Áfengisvarnaráðs í Kringlunni á laugardaginn var, þar sem boðið var upp á óáfenga bollu frá Sól hf., og bæklingum dreift til viðstaddra. Annar eins fjöldi bragðaði á bollu Áfengisvarnaráðs laugardaginn þar áður, en þessi kynning var liður í heilsumánuði Kringlunnar.

Bæklingarnir sem dreift var til gesta höfðu að geyma upplýsingar um óáfenga drykki og ölvunarakstur, og er þetta upphafið að stærra verkefni sem Áfengisvarnaráð vinnur að á þessu ári, en það er að kynna heilbrigðisáætlun Sameinuðu Þjóðanna: „Heilsa fyrir alla árið 2000“. Ráðið áformar að dreifa upplýsingabæklingi, „Líf án fíkniefna“, um markmið þessarrar áætlunar, sem Alþjóða Heilbrigðismálastofnunin samþykkti árið 1980, og ríkisstjórnin hefur lýst yfir stuðningi við. Þar er gert ráð fyrir að draga úr skaða vegna sjúk-



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Hér sjást nokkrir af hinum fjölmörgu gestum sem lögðu leið sína að bás Áfengisvarnaráðs í Kringlunni til að svala þorsta sínum í óáfengri bollu, og fróðleiksþorsta sínum í bæklingum um áfengismál.

dóma og slysa um 25% árið 2000, og Áfengisvarnaráð stefnir að 25%

minnkun áfengisneyslu á Íslandi á þessum 12 árum.

Jeppa-eigendur

Gabriel
GAS RYDER LT

„Gas Ryder LT“
frá **Gabriel**

Gasfylltur höggdeyfir, sérhannaður fyrir notkun í jeppum og „pick-up“ bílum. Bætir aksturs-eiginleikana við erfiðar aðstæður.

LÆKKAD VERÐ!

HÁBERG

SKEIFUNNI 5A. SÍMI: 91-8 47 88